

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2506
komudagur 24. 5. 2004



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. maí 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða - Þskj. 996. mál, sóknardagar báta, krókaaflamark o.fl.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða 38/1990, 996. mál, sóknardagar báta, krókaaflamark o.fl.

Landssamband íslenskra útvegsmanna leggst gegn þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu og við leggjum til að það nái ekki fram að ganga.

Um árábil hafa málefni sóknardagabáta verið til umfjöllunar enda hefur verið ljóst að það fyrirkomulag sem viðhaft hefur verið um veiðar þeirra hefur leitt til umtalsverðrar umframveiði og mismununar milli útgerðarflokka.

Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur ítrekað bent á þetta og mælst til þess að gripið verði til ráðstafana sem duga til að afli sóknardagabáta haldist innan þess sem þeim er ætlað, sem eru 2100 tonn af þorski á þessu fiskveiðiári.

Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar er í raun aðför að aflamarksskipum og þeirri grundvallarreglu að aðilum sé ekki mismunað. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sóknardagabátum verði varanlega úthlutað umtalsverðum aflaheimildum umfram það sem þeim ber og augljóst er að þær aflaheimildir verða teknar af öðrum. Þá er gert ráð fyrir því að útgerðum sóknardagabáta verði kleyft að velja um krókaaflamark eða halda áfram veiði á sóknardögum. Reynslan af sóknardögum, þar sem veiðar eru ekki stöðvaðar þegar ákveðnu aflamagni er náð, hefur sýnt að veiðin verður langt umfram það sem ætlað er og gengur því ekki upp. Í frumvarpinu er engin trygging fyrir því að sagan endurtaki sig ekki.

Í meðfylgjandi umsögn okkar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða - þskj. 757 - 485. mál frá 30. apríl sl. er rakið hvernig þorskafli sóknardagabáta hefur aukist og er vísað til þess. Á meðfylgjandi samantekt er sýnt hvernig veiðar svokallaðra smábáta og flutningur aflaheimilda í þorski til þeirra hefur verið frá árinu 1984. Eins og þar sést hafa miklar aflaheimildir verið fluttar frá aflamarksskipunum til smábátaflotans. Löngu er tímabært að þeirri mismunun sem í því felst linni og jafnræði gildi um veiðar smábáta og veiðar annara skipa.


Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri

Umframveiðar smábáta og flutningur aflaheimilda til þeirra.

Smábátar hafa á undanförunum árum veitt þorsk langt umfram þá viðmiðun sem þeim er ætluð. Hér sést hvernig þróun þessara veiða hafur verið undanfarin ár.




Fyrsta súlan sýnir að þorskaflí báta undir 10 brl. á viðmiðunarárum 1. nóv 1980 til 31 október 1983 var ákveðinn 12.646 tonn eða 3,3% af heildarafla á hverju ári. Raunafli bátanna á viðmiðunarárunum var 7.511 tonn eða 1,96%.

Rauðar súlur sýna þorskafla báta undir 10 brl frá 1984 til 1990, en bláu súlurnar sýna hvað bátar undir 10 brl hefðu fengið í aflamark ef þeir hefðu lotið sömu reglum og bátar stærri en 10 brl. Á þessu tímabili veiddu smábátar um 160 þúsund tonn umfram viðmiðun. Við lok þessa tímabils var hlutdeild aflamarksskipa í þorski skert um 12,18 prósentustig og það fært til báta undir 10 brl.

Dagatakmarkanir 1991 til 1994

Árin 1991 til og með 1994 var reynt að halda þorskveiðum krókabátanna í skefjum með dagatakmarkunum. Myndin sýnir hvernig til tókst.




Þegar búið var að taka 12,18 prósentustig af aflamarksskipum og færa bátum undir 10 brt. voru skilin eftir 2,16% fyrir krókabáta undir 6 Brt/BT í banndagakerfi. Ef afli á næstu þremur árum færi umfram 25% viðmiðun átti að skipta 2,16% hlutdeildinni á milli þeirra. Þannig voru tekin frá rúm um 5.400 tonn til viðbótar handa þessum hópi. Þannig skapaðist glufa sem margir hafa nýtt sér og afleiðingin varð sú að á næstu árum jókst sóknin í þorsk til mikilla muna.

Bláu súlurnar sýna aflamark þessara krókabáta í þorski ef þeir hefðu lotið sömu reglum og þeir sem voru í aflamarki. Rauðu súlurnar sýna þorskafla þessara krókabáta á sama tíma. Umframveiðin á þessu tímabili, frá áramótum 1991 til loka fiskveiðiársins 1994, var mjög mikil: Krókabátarnir veiddu rúmum 60 þúsund tonnum meira en þeim var ætlað. Fyrstu 8 mánuði ársins 1991 (þ.e. þar til nýtt fiskveiðiár gekk í gildi þann 1. september það ár) veiddu krókabátarnir 70% meira en ráð hafði verið fyrir gert. Ástandið fór síðan hraðversnandi. Fiskveiðiárið 1991/1992 varð veiðin næstum þrefalt meiri en við var miðað, 1992/1993 varð veiðin meira en fimmfalt meiri og fiskveiðiárið 1993/1994 fór veiðin nálega tífalt fram úr viðmiðun.

Þegar hér var komið sögu var tekin upp ný aðferð sem takmarka átti afla krókabátana, þ.e. þorskaflahámarkskerfið.

Afli og veiðiheimildir krókabáta 1994 til 2000




Þorskaflahámarkskerfið virkaði þannig að krókabátum, sem ekki höfðu farið í aflamark og voru þar með í dagakerfinu, var gefinn kostur á að velja svonefnt þorskaflahámark. Þeir sem það völdu fengu kvóta í þorski, en var leyft að veiða aðrar tegundir, m.a. ýsu og steinbít, án takmarkana. Þar með var eigendum krókabátanna gefinn kostur á að leika sama leikinn og þeir höfðu leikið í þorskinum áður; það er að stunda óheftar veiðar og ávinna sér rétt í öðrum tegundum en þorski á kostnað aflamarksskipanna.

Árin 1996/1997 var svokallað banndagakerfi við lýði en í því kerfi voru bátar sem ekki höfðu valið þorskaflahámarkskerfið. Veiddu þeir bátar töluvert umfram heimildir sínar, eins og sést á meðf. grafi.

Reyndar fóru krókabátarnir á árabílinu frá 1994/1995 til 2000/2000 tæp 60 þúsund tonn fram úr því sem þeim var ætlað og hefur heldur dregið úr umframveiðinni eftir því sem á hefur tímabilið hefur liðið.

Þróun veiða sóknardagabáta




Bláu súlurnar sýna viðmiðun sóknardagabáta skv. núverandi kerfi frá 1998 til 2004 en rauðu súlurnar sýna þorskafla þeirra á sama tíma, sem er langt umfram viðmiðun. Veiðarnar jukust til ársins 2002, en lítills háttar minnkun varð á veiðunum í fyrra. Aflinn 2003 var eigi að síður meira en sexfalt umfram viðmiðun þeirra. Sóknardagabátarnir hafa leyfi til að róa ákveðinn fjölda daga á hverju ári, en m.a. vegna þess að ekkert tillit er tekið til þess að bátarnir hafa orðið fullkornari, hraðskreiðari og burðarmeiri, hefur afli þeirra jafnan farið langt fram úr viðmiðuninni. Sú breyting sem gerð var á kerfinu þegar heimilað var að mæla úthaldið í klukkustundum, en ekki heilum sólarhringum, varð til þess að afkastagetan óx enn.

Lög gera ráð fyrir því að sóknardögum fækki fari afli bátanna fram úr viðmiðun þeirra, en þrátt fyrir það hefur fjöldi daganna lengst af verið óbreyttur og dagarnir fleiri en nauðsynlegt er til að ná viðmiðunaraflanum. Þetta hefur valdið sífelldri umframveiði þessara báta, sem síðan bitnar á aflaheimildum aflamarksskipa, stórra og smárra. Síðastliðin fimm ár hafa sóknardagabátarnir veitt meira en 44 þúsund tonn af þorski, en á sama tímabili voru þeim ætluð tæp 8 þúsund tonn. Umframveiðin varð ríflega 36 þúsund tonnum á því tímabili.

Samkvæmt frumvarpi sjávarútvegsráðherra er eigendum sóknardagabáta gefinn kostur á að fara í krókaflamarkskerfi og fá í kvóta ríflega fjórfaldan þann afla sem þeim ber. Jafnframt er þeim möguleika enn haldið opnum að áfram verði stundaðar veiðar í sóknardagakerfi. Ástæða er til að óttast að veiðar þeirra sem ekki velja krókaflamark og kjósa sóknardagakerfi eigi eftir að sækja í sama farið og áður og að umframveiði þessara báta verði viðvarandi sem fyrr.

Aflamarksskipin hafa tekið á sig skerðingu til að byggja upp þorsstofninn



Á myndinni að ofan sést hver þróunin í úthlutun á aflamarki í þorski hefur verið undanfarin ár.

Súlurnar sýna úthlutað aflamark í þorski til aflamarksskipa frá 1998 til 2004 að teknu tilliti til færslu á milli ára. Aflamarksskipin taka á sig skerðingu til að byggja upp þorsstofninn á meðan sóknardagabátarnir veiða sífellt umfram viðmiðun sína.



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. apríl 2004.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða - Þskj. 757 - 485. mál.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða 38/1990, 485. mál, sóknardagar handfærabáta.

Landssamband íslenskra útvegsmanna leggst eindregið gegn þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu og við leggjum til að það nái ekki fram að ganga.

Svo sem kunnugt er hefur þorskaflí sóknardagabáta vaxið stórlega undanfarin ár. Þeir hafa veitt langt umfram þann viðmiðunarafla sem þeim er ætlaður en viðmiðunin er byggð á aflareynslu þeirra. Það er í hæsta máta óeðlilegt og ósanngjarnt að einum útgerðarflokki skuli liðið að veiða langt umfram það magn sem honum er ætlað, á meðan öðrum er það bannað að viðlögðum refsingum. Það er óviðunandi að á meðan útgerðir aflamarksskipa hafa orðið fyrir miklum skerðingum aflaheimilda, sem miðað hafa að því að byggja upp þorskstofninn hafi umframveiði dagabátanna átt sér stað.

Svo sem kunnugt er gera lög ráð fyrir því að sóknardögum fækki fari afli dagabátanna fram úr viðmiðun þeirra. Staðreyndin er hins vegar sú að fjöldi daganna hefur lengst af verið óbreyttur og dagarnir miklu fleiri en nauðsynlegt er til að ná viðmiðunaraflanum. Þetta hefur valdið sífældri umframveiði þessara báta, sem síðan bitnar beint og óbeint á aflaheimildum aflamarksskipanna, stórra og smárra. Þróun þorskveiða sóknardagabáta má sjá á meðfylgjandi grafi og töflu.




Fiskveiðiár	Fjöldi sóknardaga	Viðmiðun skv. aflareynslu tonn	Afli tonn	Umframafli tonn
1998/1999	23	1.371	5.575	4.204
1999/2000	23	1.371	6.914	5.543
2000/2001	23	1.474	8.437	6.963
2001/2002	23	1.909	12.424	10.515
2002/2003	21	1.798	11.009	9.211
2003/2004	19	2.100	?	?
Samtals		7.923	44.359	36.436

Síðastliðin fimm ár hafa sóknardagabátarnir veitt meira en 44 þúsund tonn af þorski, en á sama tímabili voru þeim ætluð tæp 8 þúsund tonn. Umframveiðin nemur því ríflega 36 þúsund tonnum á fimm ára tímabili, eða rúmlega 7.200 tonnum á hverju ári.

Í þessu ljósi er afar sérkennilegt að hlusta á málflutning talsmanna eigenda sóknardagabátanna kvarta undan því að þessir bátar sæti sífelldum skerðingum.

Sóknardagabátarnir hafa leyfi til að róa ákveðinn fjölda daga á hverju ári og á að miða við að sá tími dugi til að ná þeim afla sem þeim er ætlaður. Við ákvörðun um fjölda leyfilegra sóknardaga hefur ekkert tillit verið tekið til þess að bátarnir hafa orðið sífellt fullkomnari, hraðskreiðari og burðarmeiri. Er nú svo komið að burðarmestu bátarnir bera á 6. tonn og geta á siglt yfir 20 sjómílna hraða með þann farm. Því hefur því afli þeirra jafnan farið langt fram úr viðmiðuninni og þannig hefur verið stuðlað að skaðlegri umframveiði. Einnig er rétt að fram komi að við þá breytingu sem varð þegar sóknardagabátunum var heimilað að mæla úthaldið í klukkustundum í stað heilla sólarhringa, jókst afkastageta þeirra að miklum mun.

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd vex meðalafli sóknardagabátanna á hvern sóknardag samhliða auknu vélarafli. Þannig var meðalafli báta með vélarstærð að 50 hestöflum um 1,6 tonn á dag fiskveiðiárið 2001/2002, á meðan meðalafli báta með 350-400 hestafla vélar, var yfir 4 tonn á dag, eða um 2,5 sinnum meiri.



Uppbygging sóknardagabátaflotans er sóun á fé því það er engin þörf fyrir þá gríðarlegu fjárfestingu sem orðin er og mun að óbreyttu verða. Í dag er fjöldi aflamarksskipa gerður út á hálfum afköstum og í aflamarksskipunum liggur mikil vannýtt sóknargeta. Öllum þeim sem hafa fjárfest í sóknardagabátum að undanförunum hefur verið það ljóst að dögnum verður fækkað þannig að þeir veiði ekki umfram viðmiðun sína. Það verður að vera liðin tíð að útgerðir fjárfesti á óábyrgan hátt í trausti þess að aflaheimildir verið teknar af öðrum og færðar til þeirra.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld grípi í taumana gagnvart útgerðum sóknardagabátanna og sjái til þess að þeir veiði ekki umfram viðmiðun sína. Eðlilegt er að veiðar þessara báta verði stöðvaðar um leið og viðmiðunarafla hefur verið náð, líkt og gildir um þá sem starfa í aflamarkskerfinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri